



Akureyri 19. janúar 2021

Súlur Vertical - fjallahlaup á Glerárdal.

Undirbúningsnefnd fjallahlaupsins Súlur Vertical leitaði eftir stuðning Akureyrarbæjar vegna undirbúnings hlaupsins 2020. Stuðningurinn var með óformlegum hætti og fólst aðallega í upplýsingagjöf og ráðgjöf.

Undirbúningur hlaupsins 2021 er nú í fullum gangi og skráning hafin sem gengur vel. Rúmlega 450 hafa þegar skráð sig til leiks. Uppselt er í stystu vegalengdina sem í boði er, 18 km.

Framkvæmdaraðili hlaupsins er Súlur Vertical - félagasamtök.

Á verkefnalista ársins fyrir utan mótahald er áframhaldandi merking gönguleiðar frá Súlum og í Lamba.

Súlur Vertical óska eftir því að Akureyrarbær styðji við mótahaldið með vinnuframlagi í tengslum við uppsetningu og frágangi búnaðar, láni á búnaði til að afmarka leiðir og lokanir o.fl. Jafnframt óska Súlur Vertical eftir því að Akureyrarstofa aðstoði við kynningu og markaðssetningu eftir því sem við á. Um þessa þætti fari samkvæmt nánara samkomulagi.

Markmið er að viðburðurinn laði að fjölda gesta á komandi árum og verði innan fárra ára fjárhagslega sjálfstæður.

Sú athygli sem hlaupið fékk í fyrra þrátt fyrir að það hafi ekki verið haldið var gríðarlega góð. Brautir einstaklega fallegar og krefjandi.

Til marks um miklar vinsældir fjallahlaupa seldist upp í Laugavegshlaupið í ár á innan við hálf tíma. Og nú í ársbyrjun hafa verið kynnt til leiks tvö ný fjallahlaup, annað í Fjallabyggð og hitt um Austurstræti/Lónsöræfi.

Það er von okkar að Akureyrarbær hafi tök á að koma að þessu spennandi verkefni með okkur.

F.h. Stjórnar Súlur Vertical - félagasamtaka

Þorbergur Ingi Jónsson – formaður og Birkir Baldvinsson - gjaldkeri

